**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 304/2010** **2012/EES/7/23**

**frá 9. apríl 2010**

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 2-fenýlfenól í eða á tilteknum afurðum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) 2-fenýlfenól er virkt efni sem tilheyrir fjórða áfanga endurskoðunaráætlunar í tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]), en 19. desember 2008 var lögð matsskýrsla fyrir framkvæmdastjórnina, á sniði vísindaskýrslu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, um 2-fenýlfenól ([3]). Í þeirri skýrslu er m.a. að finna álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin", um nauðsyn þess að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir þetta virka efni í samræmi við b-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og tillögur um slík hámarksgildi leifa.

2) Stofnunin rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og dýr. Stofnunin lagði mat á dæmigerða notkun efnisins sem sveppaeyðis á sítrusávexti og perur eftir uppskeru og komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli þeirra upplýsinga sem lágu fyrir, að til bráðabirgða skyldi fastsetja hámarksgildi leifa sem 5 mg/kg í tengslum við tilkynnta notkun sem felur í sér úðun á sítrusávexti. Til að staðfesta áhættumatið fór stofnunin fram á staðfestingu á því að með greiningaraðferðinni sem beitt var í leifarannsóknunum fáist rétt magngreining á leifum 2-fenýlfenóls, 2-fenýlhýdrókínóns, og samrunaefnasamböndum þeirra. Þar að auki komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að tilkynnandi skyldi leggja fram tvær rannsóknir til viðbótar varðandi leifar á sítrusávöxtum og gildar rannsóknir á stöðugleika við geymslu. Að því er varðar tilkynnta notkun á perur gat stofnunin ekki lagt til nein hámarksgildi leifa þar eð gögn, sem höfðu verið lögð fram varðandi leifar, voru ekki viðunandi. Þegar tiltekin hámarksgildi leifa eru ekki fyrir hendi skulu lægstu greiningarmörk gilda.

3) Við áhættumatið sem stofnunin framkvæmdi var tekið tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika 2-fenýlfenóls. Áhættumatið leiddi í ljós að á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir er hámarksgildi leifa fyrir sítrusávexti, sem nemur 5 mg/kg, viðunandi að því er varðar öryggi neytenda. Mat á ævilöngum váhrifum af völdum neyslu á öllum matvælum sem kunna að innihalda 2-fenýlfenól sýndi að engin hætta er á að farið sé yfir viðtekinn dagskammt. Þar eð ekki er þörf á viðmiðunarskammti bráðrar eitrunar fyrir 2-fenýlfenól var ekki nauðsynlegt að leggja mat á skammtímaváhrif.

4) Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi vísindaskýrslu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um 2-fenýlfenól, þ.m.t. tillögð hámarksgildi leifa. Tilkynnandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

5) Á grundvelli vísindaskýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla tillögð hámarksgildi kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 15.4.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 12.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

([3]) Vísindaskýrsla Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 217, Conclusion regarding the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance 2-phenylphenol (lokið 19. desember 2008).

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. apríl 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Eftirfarandi upplýsingum er bætt við í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 fyrir 2-fenýlfenól:

**„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 100000 | 1. **NÝ EÐA FRYST ALDIN, HNETUR** | |
| 110000 | i. **Sítrusávextir** | 5 ([ft]) |
| 110010 | Greipaldin | |
| 110020 | Appelsínur | |
| 110030 | Sítrónur | |
| 110040 | Súraldin (límónur) | |
| 110050 | Mandarínur | |
| 110990 | Annað | |
| 120000 | ii. **Trjáhnetur (í skurn eða skurnlausar)** | 0,1 (*) |
| 120010 | Möndlur | |
| 120020 | Parahnetur | |
| 120030 | Kasúhnetur | |
| 120040 | Kastaníuhnetur | |
| 120050 | Kókoshnetur | |
| 120060 | Heslihnetur | |
| 120070 | Goðahnetur | |
| 120080 | Pekanhnetur | |
| 120090 | Furuhnetur | |
| 120100 | Pistasíuhnetur | |
| 120110 | Valhnetur | |
| 120990 | Annað | |
| 130000 | iii. **Kjarnaávextir** | 0,05 (*) |
| 130010 | Epli | |
| 130020 | Perur | |
| 130030 | Kveði | |
| 130040 | Trjámispilsaldin | |
| 130050 | Dúnepli | |
| 130990 | Annað | |
| 140000 | iv. **Steinaldin** | 0,05 (*) |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 140010 | Apríkósur | |
| 140020 | Kirsuber | |
| 140030 | Ferskjur | |
| 140040 | Plómur | |
| 140990 | Annað | |
| 150000 | v. **Ber og smá aldin** | 0,05 (*) |
| 151000 | a) *Vínber og þrúgur* | |
| 151010 | Vínber | |
| 151020 | Þrúgur | |
| 152000 | b) *Jarðarber* | |
| 153000 | c) *Klungurber* | |
| 153010 | Brómber | |
| 153020 | Daggarber | |
| 153030 | Hindber | |
| 153990 | Annað | |
| 154000 | d) *Önnur smá aldin og ber* | |
| 154010 | Bláber | |
| 154020 | Trönuber | |
| 154030 | Rifsber (rauð og hvít) og sólber | |
| 154040 | Garðaber | |
| 154050 | Rósaber | |
| 154060 | Mórber | |
| 154070 | Eplaþyrniber (Miðjarðarhafstrjámispill) | |
| 154080 | Ylliber | |
| 154990 | Annað | |
| 160000 | vi. **Ýmis aldin** | 0,05 (*) |
| 161000 | a) *Ætt hýði* | |
| 161010 | Döðlur | |
| 161020 | Fíkjur | |
| 161030 | Ólífur til átu | |
| 161040 | Dvergappelsínur | |
| 161050 | Stjörnualdin | |
| 161060 | Döðluplómur | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 161070 | Jövuplómur | |
| 161990 | Annað | |
| 162000 | b) *Óætt hýði, lítið* | |
| 162010 | Kíví | |
| 162020 | Litkaber | |
| 162030 | Píslaraldin | |
| 162040 | Kaktusfíkjur | |
| 162050 | Stjörnuepli | |
| 162060 | Persimóna (Virginíu-kakí) | |
| 162990 | Annað | |
| 163000 | c) *Óætt hýði, stórt* | |
| 163010 | Lárperur | |
| 163020 | Bananar | |
| 163030 | Mangó | |
| 163040 | Papæjualdin | |
| 163050 | Granatepli | |
| 163060 | Morgunberkja, (kvöldberkja, sykurepli (sólberkja), flosberkja og önnur miðlungsstór aldin af berkjuviðarætt | |
| 163070 | Gvava | |
| 163080 | Ananas | |
| 163090 | Brauðaldin | |
| 163100 | Dáraaldin | |
| 163110 | Nónberkja | |
| 163990 | Annað | |
| 200000 | 2. **NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI** | 0,05 (*) |
| 210000 | i. **Rótarávextir og -hnýði** | |
| 211000 | a) *Kartöflur* | |
| 212000 | b) *Hitabeltisrótarávextir og -hnýði* | |
| 212010 | Kassava | |
| 212020 | Sætuhnúðar | |
| 212030 | Kínakartöflur | |
| 212040 | Örvarrót | |
| 212990 | Annað | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 213000 | c) *Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykurrófum undanskildum* | |
| 213010 | Rauðrófur | |
| 213020 | Gulrætur | |
| 213030 | Hnúðsilla | |
| 213040 | Piparrót | |
| 213050 | Ætifíflar | |
| 213060 | Nípur | |
| 213070 | Steinseljurót | |
| 213080 | Hreðkur | |
| 213090 | Hafursrót | |
| 213100 | Gulrófur | |
| 213110 | Næpur | |
| 213990 | Annað | |
| 220000 | ii. **Laukar** | |
| 220010 | Hvítlaukur | |
| 220020 | Laukur | |
| 220030 | Skalottlaukur | |
| 220040 | Vorlaukur | |
| 220990 | Annað | |
| 230000 | iii. **Aldingrænmeti** | |
| 231000 | a) *Náttskuggaætt* | |
| 231010 | Tómatar | |
| 231020 | Paprikur | |
| 231030 | Eggaldin | |
| 231040 | Okra | |
| 231990 | Annað | |
| 232000 | b) *Graskersætt — með ætu hýði* | |
| 232010 | Gúrkur | |
| 232020 | Smágúrkur | |
| 232030 | Dvergbítar (sumarkúrbítur, mergja (pattypan-grasker)) | |
| 232990 | Annað | |
| 233000 | c) *Graskersætt - með óætu hýði* | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 233010 | Melónur | |
| 233020 | Grasker | |
| 233030 | Vatnsmelónur | |
| 233990 | Annað | |
| 234000 | d) *Sykurmaís* | |
| 239000 | e) *Annað aldingrænmeti* | |
| 240000 | iv. **Kál** | |
| 241000 | a) *Blómstrandi kál* | |
| 241010 | Spergilkál | |
| 241020 | Blómkál | |
| 241990 | Annað | |
| 242000 | b) *Kálhöfuð* | |
| 242010 | Rósakál | |
| 242020 | Höfuðkál | |
| 242990 | Annað | |
| 243000 | c) *Blaðkál* | |
| 243010 | Kínakál | |
| 243020 | Grænkál | |
| 243990 | Annað | |
| 244000 | d) *Hnúðkál* | |
| 250000 | v. **Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir** | |
| 251000 | a) *Salat og aðrar salatplöntur, þ.m.t. plöntur af krossblómaætt* | |
| 251010 | Lambasalat | |
| 251020 | Salat | |
| 251030 | Vetrarsalat | |
| 251040 | Karsi | |
| 251050 | Vetrarkarsi | |
| 251060 | Klettasalat | |
| 251070 | Sinnepskál | |
| 251080 | Lauf og sprotar af *Brassica* spp. | |
| 251990 | Annað | |
| 252000 | b) *Spínat og áþekkt grænmeti (blöð)* | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 252010 | Spínat | |
| 252020 | Súpugull | |
| 252030 | Blaðbeðja | |
| 252990 | Annað | |
| 253000 | c) *Vínviðarlauf (vínþrúgulauf)* | |
| 254000 | d) *Brunnperla* | |
| 255000 | e) *Jólasalat* | |
| 256000 | f) *Kryddjurtir* | |
| 256010 | Kerfill | |
| 256020 | Graslaukur | |
| 256030 | Blaðsellerí | |
| 256040 | Steinselja | |
| 256050 | Salvía | |
| 256060 | Rósmarín | |
| 256070 | Garðablóðberg | |
| 256080 | Basilíka | |
| 256090 | Lárviðarlauf | |
| 256100 | Fáfnisgras | |
| 256990 | Annað | |
| 260000 | vi. **Belgávextir (ferskir)** | |
| 260010 | Baunir (með fræbelg) | |
| 260020 | Baunir (án fræbelgs) | |
| 260030 | Ertur (með fræbelg) | |
| 260040 | Ertur (án fræbelgs) | |
| 260050 | Linsubaunir | |
| 260990 | Annað | |
| 270000 | vii. **Stöngulgrænmeti (ferskt)** | |
| 270010 | Spergill | |
| 270020 | Salatþistlar | |
| 270030 | Sellerí | |
| 270040 | Fennika | |
| 270050 | Ætiþistlar | |
| 270060 | Blaðlaukur | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 270070 | Rabarbari | |
| 270080 | Bambussprotar | |
| 270090 | Pálmakjarnar | |
| 270990 | Annað | |
| 280000 | viii. **Sveppir** | |
| 280010 | Ræktaðir | |
| 280020 | Villtir | |
| 280990 | Annað | |
| 290000 | ix. **Þang og þari** | |
| 300000 | 3. **ÞURRKAÐIR BELGÁVEXTIR** | 0,05 (*) |
| 300010 | Baunir | |
| 300020 | Linsubaunir | |
| 300030 | Ertur | |
| 300040 | Úlfabaunir | |
| 300990 | Annað | |
| 400000 | 4. **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | |
| 401000 | i. **Olíufræ** | 0,1 (*) |
| 401010 | Hörfræ | |
| 401020 | Jarðhnetur | |
| 401030 | Valmúafræ | |
| 401040 | Sesamfræ | |
| 401050 | Sólblómafræ | |
| 401060 | Repjufræ | |
| 401070 | Sojabaunir | |
| 401080 | Mustarðsfræ | |
| 401090 | Baðmullarfræ | |
| 401100 | Graskersfræ | |
| 401110 | Litunarþistill | |
| 401120 | Hjólkróna | |
| 401130 | Akurdoðra | |
| 401140 | Hampfræ | |
| 401150 | Kristpálmafræ | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 401990 | Annað | |
| 402000 | ii. **Olíurík aldin** | |
| 402010 | Ólífur til ólífuframleiðslu | 0,05 (*) |
| 402020 | Pálmahnetur (pálmaolíukjarnar) | 0,1 (*) |
| 402030 | Pálmaaldin | 0,1 (*) |
| 402040 | Dúnviðaraldin | 0,1 (*) |
| 402990 | Annað | 0,1 (*) |
| 500000 | 5. **KORNTEGUNDIR** | 0,05 (*) |
| 500010 | Bygg | |
| 500020 | Bókhveiti | |
| 500030 | Maís | |
| 500040 | Hirsi | |
| 500050 | Hafrar | |
| 500060 | Hrísgrjón | |
| 500070 | Rúgur | |
| 500080 | Dúrra | |
| 500090 | Hveiti | |
| 500990 | Annað | |
| 600000 | 6. **TE, KAFFI, JURTATE OG KAKÓ** | 0,1 (*) |
| 610000 | i. **Te (þurrkuð lauf og stilkar, einnig gerjuð, Camellia sinensis)** | |
| 620000 | ii. **Kaffibaunir** | |
| 630000 | iii. **Jurtate (þurrkað)** | |
| 631000 | a) *Blóm* | |
| 631010 | Gæsajurt | |
| 631020 | Læknakólfur | |
| 631030 | Rósablöð | |
| 631040 | Jasmínublóm | |
| 631050 | Lindiblóm | |
| 631990 | Annað | |
| 632000 | b) *Lauf* | |
| 632010 | Jarðarberjalauf | |
| 632020 | Rauðrunnalauf | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 632030 | Indíánaþyrnir | |
| 632990 | Annað | |
| 633000 | c) *Rætur* | |
| 633010 | Garðabrúðurót | |
| 633020 | Ginsengrót | |
| 633990 | Annað | |
| 639000 | d) *Annað jurtate* | |
| 640000 | iv. **Kakóbaunir (gerjaðar baunir)** | |
| 650000 | v. **Karób (Jóhannesarbrauð)** | |
| 700000 | 7. **HUMLAR (þurrkaðir), þ.m.t. humlakögglar og óþykkt duft** | 0,1 (*) |
| 800000 | 8. **KRYDD** | 0,1 (*) |
| 810000 | i. **Fræ** | |
| 810010 | Anís | |
| 810020 | Ilmfrú | |
| 810030 | Sellerífræ | |
| 810040 | Kóríanderfræ | |
| 810050 | Kúmínfræ | |
| 810060 | Dillfræ | |
| 810070 | Fennikufræ | |
| 810080 | Grikkjasmári | |
| 810090 | Múskat | |
| 810990 | Annað | |
| 820000 | ii. **Aldin og ber** | |
| 820010 | Allrahanda | |
| 820020 | Aníspipar (kínapipar) | |
| 820030 | Kúmen | |
| 820040 | Kardimomma | |
| 820050 | Einiber | |
| 820060 | Pipar, svartur og hvítur | |
| 820070 | Vanillustangir | |
| 820080 | Tamarind | |
| 820990 | Annað | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 830000 | iii. **Börkur** | |
| 830010 | Kanill | |
| 830990 | Annað | |
| 840000 | iv. **Rætur eða jarðstönglar** | |
| 840010 | Lakkrís | |
| 840020 | Engifer | |
| 840030 | Kúrkúma (gullinrót) | |
| 840040 | Piparrót | |
| 840990 | Annað | |
| 850000 | v. **Blómknappar** | |
| 850010 | Negull | |
| 850020 | Kapers | |
| 850990 | Annað | |
| 860000 | vi. **Fræni** | |
| 860010 | Saffran | |
| 860990 | Annað | |
| 870000 | vii. **Frækápur** | |
| 870010 | Múskathýði | |
| 870990 | Annað | |
| 900000 | 9. **SYKURPLÖNTUR** | 0,05 (*) |
| 900010 | Sykurrófa (rót) | |
| 900020 | Sykurreyr | |
| 900030 | Kaffifífilsrætur | |
| 900990 | Annað | |
| 1000000 | 10. **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU — LANDDÝR** | 0,05 (*) |
| 1010000 | i. **Kjöt, unnar kjötvörur, sláturmatur, blóð, dýrafita; nýtt, kælt eða fryst, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt eða ætt mjöl, fín- eða grófmalað; aðrar unnar afurðir, t.d. pylsur og tilreidd matvæli gerð úr þessum vörum** | |
| 1011000 | a) *Svín* | |
| 1011010 | Kjöt | |
| 1011020 | Fita, án magurs kjöts | |
| 1011030 | Lifur | |
| 1011040 | Nýru | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 1011050 | Ætur sláturmatur | |
| 1011990 | Annað | |
| 1012000 | b) *Nautgripir* | |
| 1012010 | Kjöt | |
| 1012020 | Fita | |
| 1012030 | Lifur | |
| 1012040 | Nýru | |
| 1012050 | Ætur sláturmatur | |
| 1012990 | Annað | |
| 1013000 | c) *Sauðfé* | |
| 1013010 | Kjöt | |
| 1013020 | Fita | |
| 1013030 | Lifur | |
| 1013040 | Nýru | |
| 1013050 | Ætur sláturmatur | |
| 1013990 | Annað | |
| 1014000 | d) *Geitur* | |
| 1014010 | Kjöt | |
| 1014020 | Fita | |
| 1014030 | Lifur | |
| 1014040 | Nýru | |
| 1014050 | Ætur sláturmatur | |
| 1014990 | Annað | |
| 1015000 | e) *Hestar, asnar, múldýr eða múlasnar* | |
| 1015010 | Kjöt | |
| 1015020 | Fita | |
| 1015030 | Lifur | |
| 1015040 | Nýru | |
| 1015050 | Ætur sláturmatur | |
| 1015990 | Annað | |
| 1016000 | f) *Alifuglar — kjúklingar, gæsir, endur, kalkúnar og perluhænsn — strútar, dúfur* | |
| 1016010 | Kjöt | |

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Summan af fenýlfenóli, söltum þess og samrunaefnasamböndum, gefin upp sem 2-fenýlfenól |
|---|---|---|
| 1016020 | Fita | |
| 1016030 | Lifur | |
| 1016040 | Nýru | |
| 1016050 | Ætur sláturmatur | |
| 1016990 | Annað | |
| 1017000 | g) *Önnur húsdýr* | |
| 1017010 | Kjöt | |
| 1017020 | Fita | |
| 1017030 | Lifur | |
| 1017040 | Nýru | |
| 1017050 | Ætur sláturmatur | |
| 1017990 | Annað | |
| 1020000 | ii. **Mjólk og rjómi, þó ekki þykkt eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni, smjör og önnur fita framleidd úr mjólk, ostur og ystingur** | |
| 1020010 | Nautgripir | |
| 1020020 | Sauðfé | |
| 1020030 | Geitur | |
| 1020040 | Hestar | |
| 1020990 | Annað | |
| 1030000 | iii. **Fuglsegg, ný, rotvarin eða soðin; skurnlaus egg og eggjarauður, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða rotvarið með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni** | |
| 1030010 | Kjúklingar | |
| 1030020 | Endur | |
| 1030030 | Gæsir | |
| 1030040 | Kornhænur | |
| 1030990 | Annað | |
| 1040000 | iv. **Hunang** | |
| 1050000 | v. **Froskdýr og skriðdýr** | |
| 1060000 | vi. **Sniglar** | |
| 1070000 | vii. **Aðrar afurðir landdýra“** | |

( [a] ) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.
(*) Neðri greiningarmörk.
( ft ) Hámarksgildi leifa sem gilda til 30. september 2012 meðan þess er beðið að tvær rannsóknir til viðbótar varðandi leifar á sítrusávöxtum og gildar rannsóknir á stöðugleika við geymslu séu lagðar fram.“